Fjarskiptamastur og aðstöðuhús í landi Bjarnastaða. Sveitarfélagið Ölfus.

Upprunaland nr. 171686

Deiliskipulag

Um er að ræða deiliskipulag sem skilgreinir 400 fermetra land úr landi Bjarnastaða, Sveitarfélaginu Ölfus og setur skilmála fyrir byggingu allt að 30 m háu fjarskiptamastri og tækjahúsi tengdu því. Samhliða þessu deiliskipulagi er auglýst breyting á aðalskipulagi þar sem skilgreint er athafnasvæði á lóðinni í stað landbúnaðarlands.

Landið er flatlent á sandorpnu frekar sléttu og lítt grónu hrauni og stendur í 15 m.y.s. Til stendur að afmarka lóð fyrir 30 m fjarskiptamastur og tilheyrandi tækjahús à vegum Neyðarlínu ohf.

Aðkoma er um nýjan aðkomuveg er tengist stofnvegi Vegagerðar, Suðurstrandarvegi (427). Rafstrengur kemur að lóð um aðkomuveg.

Skilmálar: Heimilt verði að reisa á lóðinni fjarskiptamastur allt að 30 m hátt með sérstæðu húsi fyrir tækjabúnað á einni hæð. Byggingaflötur skv. skipulagi allt að 20 fermetrar. Hæð masturs allt að 30 m. Þakhalli 0-45 gr. Mænisstefna og byggingarefni er frjálst. Mannvirki skal falla vel að umhverfi. Mannvirki staðsett og hæðarsett í samráði við byggingarfulltrúa.

Ekki verður reiknað með tengingu við vatnsveitu eða hitaveitu, þar sem ekki er um að ræða búsetu á lóð. Stofn rafveitu er frá Rarik um streng frá Suðurstrandarvegi sem og ljósleiðari. Endanleg staðsetning lagna og tengingar gerð í samráði við viðkomandi veitustofnanir. Allt fráveituvatn fer í rotþró, ef um slíkt verður að ræða, er skal staðsetja a.m.k. 10m frá byggingum. Farið er eftir reglugerð 798 / 1999 um fráveitur og skólp á hinu deiliskipulagða svæði sem og reglum Umhverfisstofnunar.

Brunavarnir eru frá Þorlákshöfn (um 15 km fjarlægð). Ekki er um að ræða búsetu á lóð sem deiliskipulag nær til og því er ekki reiknað með sorphirðu. Lóð og byggingareitur er hnitasett í ISN93.

Umhverfismat skv. gr. 5.4 skipulagsreglugerð: áhrif fyrirhugaðra framkvæmda skv. deiliskipulagi á umhverfi og vistkerfi: óveruleg, afturkræf. Í samræmi við gr. 1.1 og 5.1.1. í skipulagsreglugerð. Þá verða óveruleg sjónræn áhrif af mastri.

Fornleifar: Ekki eru þekktar forleifar á svæðinu. Ef fram koma áður óþekktar fornleifar á framkvæmdatíma, sbr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, þarf að stöðva framkvæmdir tafarlaust og hafa samband við Minjastofnun Íslands. Ekki er leyfilegt að halda framkvæmdum áfram nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Lóð úr landi Bjarnastaða, Selvogi.

Miðja	368887.00	372881.00
L1	368877.00	372891.00
L2	368897.00	372891.00
L3	368897.00	372871.00
L4	368877.00	372871.00



Hluti aðalskipulag Ölfus 2010-22

Staðsetning skipulagssvæðis



Deiliskipulagsuppdráttur 1:1000

Skýringar:

- Mörk skipulagssvæðis
- Lóðarmörk
- Byggingareitur, nýr - eða breytur
- Rotþró, leiðbeinandi staðsetning

Deiliskipulagið var samþykkt í skipulagsnefnd _____

Tillagan var auglýst frá _____ 202__ með athugasemdaferst til _____ 202__

Deiliskipulag þetta hefur fengið meðferð í samræmi við 41.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með síðari breytingum.

Samþykkt af bæjarstjórn sveitarfélagsins Ölfus þann _____ 202__

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild stjórnartíðinda þann _____ 202__

Samþykkt fh. sveitarfélagsins Ölfus

_____

Br:	Hverju breytt:	Dags.	Kvittun:

Fjarskiptalóð-Neyðarlínan ohf Bjarnastaðir (L171686) - Ölfusi	Teikn nr: 600
Deiliskipulag Lóð, tækjahús, mastur	Frumstærð: A2

Dags: 24-2-21	Mkv: 1000	Hann:	GÞS
Samþ: 020162-3099	V.nr20 048	Teikn:	GÞS

VGS
Verkfræðistofa
Guðjóns P. Sigfússonar ehf.
Austurvegi 42, 2.hæð,
800 Selfossi
S: 482 2805, F: 482 3818
Netfang: vgs@vgs.is